

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Félagaréttur

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Félagaréttur (30%)
ATH. Prófið er tvískipt: Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)
Félagaréttur (30%).

Prófdagur: 3. nóvember 2012 Kl.: 09:00 til 13:00

Próftími alls: 4 klst. Prófblöð 4
vegna þessa hluta prófsins,
(þ.m.t. forsíða):

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir Fylgiblöð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

I. Hluti (12%)

Athugið eftirfarandi:

- Að hver kross vegur 1,0%.
- Að dregið er frá 1,0% fyrir hvert rangt svar.
- Sé látið hjá líða að svara telst svarið hvorki rétt né rangt.
- Aðeins einn svarmöguleiki telst réttur.
- Lesið spurningarnar vandlega yfir áður en þið merkið við.

1. Félag er almennt bætt til þess að vera í stjórn lögaðila.

- () Rétt
() Rangt

2. Félagsmenn í sameignarfélagi bera óskipta ábyrgð á skuldbindingum sameignarfélagsins.

- () Rétt
() Rangt

3. Ábyrgð á skuldbindingum samvinnufélags ber einungis félagið sjálft.

- () Rétt
() Rangt

4. Hlutafélag verður stofnað með þremur milljónum króna í hlutafé hið minnsta.

- () Rétt
() Rangt

5. Hlutafélag verður ekki skráð fyrr en allt hlutafé er greitt.

- () Rétt
() Rangt

6. Óskráð hlutafélag (hf.) getur verið aðili að samningi.

- () Rétt
() Rangt

7. Hluthafafundur í hlutafélagi skal haldinn að kröfu eigenda að 1/15 hlutafjár í hlutafélaginu.

- () Rétt
() Rangt

8. Stjórnarmönnum í hlutafélögum er skylt að mæta á stjórnarfundi.

- () Rétt
() Rangt

9. Stjórnarmönnum hlutafélags ber að segja af sér föstu starfi hjá félagi sem þeir stjórna.

- Rétt
- Rangt

10. Prókúra er veitt af framkvæmdastjóra.

- Rétt
- Rangt

11. Hlutafélag (hf.) getur lánað eign sína að veði í þágu stjórnarmanns sem ræður yfir (beint eða óbeint) 50% hlutafjár eða meira.

- Rétt
- Rangt

12. Óheimilt er að framselja ógreidda hluti í hlutafélagi (hf.).

- Rétt
- Rangt

II. Hluti (18%)

Athugið að úrlausn skal skrifuð á sérstaka próförk sem merkt skal prófnúmeri próftaka.

1. (10%) Segið frá helstu verkefnum hluthafafundar hlutafélags.
2. (8%) Segið frá helstu verkefnum stjórnar hlutafélags.